

dæma eftir öðru, þá dettur okkur í hug að þér munduð eimnig vilja fá fé frá okkur.

Bróðir, okkur hefir verið sagt að þér hafið prédið fyrir fólkid í þessu umhverfi. Þetta fólk er nábúar okkar, við þekkjum það. Við ætlum því að bíða enn um tíma og sjá hver áhrif boðskapur yðar hefir á það. Ef við finnum að það geri þeim gott, auki hjá þeim ráðvendni og rýri hjá þeim tilhneiginguna til að pretta Indiánana, þá skulum við aftur taka til íhugunar það sem þér hafið til okkar talað.

Bróðir, þér hafið nú heyrт svar okkar upp á ræðu yðar; við höfum ekki meiru þar við að bæta í þetta sinn. Af því við hljótum að skilja viljum við fús þrýsta hönd yðar, og vona að Hinn Mikli Andi verndi yður á ferðalagi yðar og leiði yður heilan heim til ættingja og vina.

E. Á.

## Ameriska Únítarafélagið.

Ameriska Únítarafélagið hélt áttugasta og sjöunda ársfund sinn í Boston 21. maí síðastliðinn. Samkvæmt skýrslum embættismanna félagsins hafa allar deildir þess tekið framförum og aukið allmikið starf sitt á síðastliðnu ári. Sérstök áherzla hefir verið lögð á að koma á nánara sambandi milli félagsins og frjálslyndra trúarfélaga í öðrum löndum, sem áður hafa litið eða ekkert haft saman við það að seldra. Í því skyni ferðaðist einn af embættismönnum félagsins, dr. Charles W. Wendte, um England, Frakkland, Þýzkaland, Ítalíu og víðar síðastliðið ár. Í öllum þessum löndum eru trúsfélög, sem annaðhvort eru algerlega únítariski í eðli sínu, eða að miklu leyti í samræmi við únítarisku stefnuna. Á Englandi er hið sterka "Brezka og erlenda Únítarafélag", sem er búið að starfa lengi að útbreiðslu únítariskra